

Auglýsing um friðlýsingu á Lónsöræfum (Stafafellsfjöllum) Austur-Skaftafellssýslu

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta af Lónsöræfum (Stafafellsfjöllum í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi: Frá ármótum Jökulsár í Lóni og Skyndidalsár vestur með Skyndidalsá að Lambatungnajökli, þaðan með Lambatungnaá að Austurtungnajökli og eftir honum miðjum norðvestur í nafnlausan hnjúk í 1500 m hæð sunnan Grendils og áfram í sveig á vatnaskilum í Grendil (1570 m), þaðan ráða sýslumörk Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslna á vatnaskilum í Flugustaðatinda og úr þeim vestur um Sviptungnavarp og Hnappadalstind (1212 m) að Jökulsá við Vondasnaga, þaðan niður með Jökulsá að ármótum við Skyndidalsá.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].

Hefðbundnar nytjar landeigenda, svo sem búfjárbætur og veiðiréttur haldast óskertar nema um annað verði samkomulag en sérstaklega skal þess gætt að misþjóða ekki beitarpoli afrétta og hlífa kjarri og skóglendi eftir föngum.

Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð nema á ógrónum áreyrum, vegum og öðrum merktum akslóðum innan svæðisins.

Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt gróðri, raskað dýralífi, minjum, mannvirkjum né öðrum verðmætum. Hvergi á svæðinu má skilja eftir sorp eða rusl nema í sorpílátum. [Umhverfisstofnun] setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði með samkomulagi við landeigendur.

[Umhverfisstofnun] skal í samvinnu við aðra, er í hlut eiga, sjá um að haldið sé við vegslóðum, göngubrúum, gömlum götum og vörðum eftir nánara skipulagi. Á sama hátt skal tryggð önnur lágmarksaðstaða fyrir ferðafólk, svo sem afmörkun tjaldsvæða með hreinlætisaðstöðu samkvæmt skipulagi og í samráði við landeigendur. Þá skal [Umhverfisstofnun] tryggja vörslu og eftirlit á svæðinu að sumarlagi.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar], eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

[Umhverfisstofnun] getur falið umboð sitt samkvæmt þessari friðlýsingu umsjónarnefnd er skipuð sé fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög við brotum á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessara auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius